

Ytra mat grunnskóla

Víkurskóli

Mars 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Mýrdalshrepp.

Höfundar: Birna Sigurjónsdóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir

© Menntamálastofnun, 2021

ISBN 978-9979-0-2611-2

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Víkurskóla.....	7
Niðurstöður	10
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	10
1.1 Samvirkni í stefnumótun	10
1.2 Faglegt samstarf og samræða	11
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	11
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	12
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	12
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	13
1.7 Leiðtogahæfni stjórnanda og starfsmanna	13
Þáttur 2 – Nám og kennsla	15
2.1 Inntak og námskrá	15
2.2 Árangur náms	15
2.3 Gæði kennslu	17
2.4 Skipulag náms.....	18
2.5 Námsvitund	20
2.6 Ábyrgð og þátttaka	20
Þáttur 3 – Innra mat	22
3.1 Skipulag.....	22
3.2 Framkvæmd.....	22
3.3 Umbætur	23

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Víkurskóla í Mýrdalshreppi sem fór fram á vorönn 2021. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn.

Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá og skólanámskrá Víkurskóla.
- Starfsáætlun ásamt skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans og uppfyllir hún þau viðmið sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla.
- Starfsmannahandbók er gefin út og birt.
- Í daglegu tali og fréttáflutningi frá skóla leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfinu.
- Starfsfólk og kennarar finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum.
- Skólastjóri kynnir foreldrum sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag.
- Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi og er hluti af daglegu starfi stjórnenda.
- Heimasíða skólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.
- Skólastjóri leggur áherslu á að sjónarmið nemenda nái fram að ganga.
- Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti í skólasamfélaginu.
- Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni stjórnenda og annarra í skólanum með því að hvetja þá til starfsþróunar og fela þeim ábyrgð og umboð til að leiða verkefni.
- Stjórnendur hvetja starfsfólk til að huga að heilsu sinni og veita starfsmönnum svigrúm til þess.

Tækifæri til umbóta

- Stuðla að því að skólastefna Mýrdalshrepps sé tekin til endurskoðunar sem fyrst svo taka megji mið af henni við endurskoðun skólastefnu Víkurskóla.
- Taka upp markvissara samstarf við foreldra um samstarf um ákvarðanir í skólastarfinu.
- Kynna stoðþjónustu sem í boði er á vegum skólans fyrir öllum foreldrum.
- Skólaráð setji sér starfsáætlun
- Skólaráðið haldi árlega opinn fund fyrir skólasamfélagið.
- Skrá upplýsingar um samskipti við leik- og grunnskóla og grunn- og framhaldsskóla í starfsáætlun skólans.
- Skrá verklag um lausn ágreiningsmála.
- Sjá til þess að stjórnendur eigi kost á handleiðslu ef á þarf að halda.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í skólanámskrá þar sem fjallað er um lykilhæfni og grunnþætti menntunar.
- Foreldrar sem svara nýlegri könnun Skólapúlsins eru ánægðir með nám og kennslu og telja kennara skólans hæfa og metnaðarfulla (97%).
- Í sérkennslustefnu skólans kemur fram að unnið er í anda stefnu um skóla án aðgreiningar.
- Flestar stundir sem matsaðilar heimsóttu voru metnar góðar og fjórar frábærar.
- Skólinn er einn af jarðvangsskólum Kötlu jarðvangs og leitast er við að tengja nærumhverfi inn í nám nemenda.
- Leiðbeinandi kennsluhættir voru viðhafðir í hlutfallslega fleiri kennslustundum sem heimsóttar voru en að meðaltali.
- Nemendur vinna að samþættum og heildstæðum verkefnum og áhersla er á markvissa samvinnu nemenda.
- Samskipti í skólanum eru jákvæð og skólabragur góður.
- Árlega er haldið skólaping nemenda þar sem þeir hafa tækifæri til að tjá sig um skipulag skólastarfs.

Tækifæri

- Samræma þarf inntak og framsetningu á bekkjarnámskrám og námsáætlunum.
- Námsaðlögun nemenda þarf að koma skýrt fram í bekkjarnámskrám.
- Halda áfram vinnu við að þróa og samræma námsmat í skólanum.
- Birta viðmið um árangur í skólanámskrá.
- Leita leiða til að efla árangur nemenda í stærðfræði.
- Auka nýtingu upplýsingatækni í námi.
- Leita leiða til að styrkja trú nemenda á eigin námsgetu.
- Nýta umræður og skoðanaskipti markvisst í námi nemenda.
- Vinna markvisst gegn einelti.
- Kynna nemendum hæfniviðmið og markmið sem unnið er að hverju sinni.
- Gera grein fyrir „fléttum“ í náttúrufræði og samfélagsfræði í skólanámskrá.
- Tryggja að nemendur fái heildarnámstíma samkvæmt viðmiðunarstundaskrá á 10 ára skólagöngu þrátt fyrir færri skóladaga.
- Brýnt er að koma á kennslu í verkgreinum (svo sem smíði) og auka kennslu í öðrum list- og verkgreinum hið bráðasta.
- Stuðla að aukinni námsvitund nemenda og þjálfá þá í markmiðssetningu og mati á eigin námi og árangri.

Innra mat

Styrkleikar

- Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan þátt í skólastarfinu.
- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.

- Sett hefur verið fram langtímaáætlun um innra mat fyrir árin 2020-2024 og hún birt á heimasíðu.
- Áætlun um innra mat á yfirstandandi skólaári liggur fyrir.
- Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun.
- Mat á námi nemenda og framförum fer fram reglulega.
- Umbætur í kjölfar nemendakönnunar Skólapúlsins hafa verið ákveðnar.

Tækifæri til umbóta

- Skipa matsteymi með þátttöku fulltrúa foreldra og nemenda.
- Koma á reglulegu mati á kennslu og fagmennsku kennara.
- Meta skipulega markmið sem birt eru í stefnu skólans.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.
- Fylgja umbótum kerfisbundið eftir.
- Setja viðmið um árangur til að unnt sé að meta hvort markmiðum hefur verið náð..
- Kynna niðurstöður Skólapúlsins fyrir nemendum.
- Endurskoða reglulega gagnaöflunarleiðir, aðferðir og reynslu af innra mati.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla - samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Víkurskóla

Víkurskóli, Vík í Mýrdal er grunnskóli í sveitarfélaginu Mýrdalshreppi. Skólinn tók fyrst til starfa 1. desember árið 1910. Haustið 2009 var grunnskólinn sameinaður leikskóla og tónskóla Mýrdalshrepps. Áður höfðu skólastigin verið rekin sem sjálfstæðar einingar en átt ágætt samstarf. Vorið 2015 var ákveðið að skólarnir skyldu á ný reknir sem sjálfstæðar einingar. Skólinn þjónar börnum úr þorpinu í Vík og sveitunum austan og vestan Víkur og er þannig blandaður þéttbýlis- og dreifbýlisskóli. Hluti nemenda er í skólaakstri.

Gæði, gleði, gróska og gagn eru kjörorð skólans og marka þá framtíðarsýn sem skólasamfélagið hefur.

Gæði fela í sér að ávallt er leitast við að gera hlutina vel og vanda til verka hvort sem umræðir framkvæmd kennslu, fræðslu starfsfólks eða ytri umgjörð.

Gleði vísar í skapandi starfsanda þar sem samskipti mótast af virðingu, umburðarlyndi, bjartsýni og jákvæðni.

Gróska felur í sér skapandi framvindu í að takast á við ný verkefni, bæta og fegra það sem fyrir er í víðu samhengi.

Gagn vísar til ábyrgðar hvers og eins og hvernig hann getur með sínu framlagi lagt hönd á plóg til eflingar sjálfs sín og annarra.

Í skólanum er 61 nemandi skólaárið 2020-2021:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	9	8	4	8	3	5	4	7	7	6
Samkennsluhópar – ef við á	1.–2. bekkur	3.–4. bekkur		5.–7. bekkur			8.–9. bekkur 10. bekkur er sérhópur			

Þrír nemendur skólans fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og fimm nemendur eru með einstaklingsnámskrá og fá skilgreinda sérkennslu.

Víkurskóli var áður metinn í ytri úttekt á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2011. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/vikursk_myrdalshr-2011.pdf

Starfsfólk Víkurskóla er 17 og stjórnendur eru tveir, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Kennarar eru 11. Af kennurum eru fjórir leiðbeinendur, þrír þeirra eru í M.Ed.-námi. Flestir leiðbeinendur og kennarar eru í 100% starfi. Við skólann starfar einnig þroskaþjálfari í um 70% stöðu. Skólinn nýtur þjónustu frá skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og þaðan kemur náms- og starfsráðgjafi reglulega í skólann.

Við skólann er starfandi frístund sem skólastjóri ber ábyrgð á en er undir daglegri stjórn forstöðumanns.

Í skólanum eru átta nemendur af erlendum uppruna. Einn nemandi í 10. bekk er í framhaldsskólaáfangi.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu 2020-2021 eftir bekkjum:

Þann 14. febrúar var skólinn lokaður vegna rauðrar veðurviðvörðunar, kennslustundir sem féllu niður þann dag voru fimm fyrir alla námshópa.

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5

Upplýsingar vegna Covid-19

Skóla var lokað í einn dag vegna C19. Starfsdagur til undirbúnings vegna hertra sóttvarnaaðgerða. Dagleg kennsla var skert vegna C19 í 14 daga hjá eftirtöldum árgöngum; 7.-10. bekk var kennt í tvær stundir á dag þrisvar í viku. Valgreinar á unglingsstigi voru felldar niður frá 25. mars til 4. maí árið 2020. Ekki kom til þess að fjarkennsla væri veitt en allt var tilbúið af hálfu skólans að kenna í gegnum Zoom fjarfundabúnað.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá og skólanámskrá Víkurskóla. Í skólanámskrá má sjá að dregin er fram sérstaða skólans, staðbundnar aðstæður, verklagsreglur og áherslur. Skólastefna Víkurskóla tekur mið af menntastefnu Mýrdalshrepps sem samþykkt var fyrir árin 2011-2013.

Í samtali við stjórnendur kom fram að þeir eiga aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu. Þeir telja mikilvægt að skólastefna Mýrdalshrepps sé tekin til endurskoðunar sem fyrst til framþróunar fyrir skólastarfið í heild sinni.

Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans og uppfyllir hún þau viðmið sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla og er uppfærð árlega. Áætlanir um nám og kennslu eru skráðar og birtast í skólanámskrá.

Skólinn hefur mótað kjörorð fyrir skólastarfið, þau eru: Gæði, gleði, gróska og gagn og marka þá framtíðarsýn sem skólasamfélagið hefur um Víkurskóla.

Starfsmannahandbók er gefin út og birt. Þar er meðal annars að finna verkefnalýsingar allra starfsmanna, upplýsingar um samstarf við aðra skóla, þróunarverkefni og sérstök áhersluverkefni, ásamt upplýsingum um nefndir og teymi og móttöku nýrra starfsmanna.

Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu og í daglegu tali og fréttaflutningi frá skóla leggja stjórnendur áherslur á það jákvæða í skólastarfinu. Í öllum rýnihópum voru þátttakendur sammála um að svo sé. Árlega er haldið skólaping með nemendum og geta þeir komið tillögum til stjórnenda í gegnum það.

Fram kom í rýnihópum að ekki hefur verið haft sérstakt samráð við foreldra¹, nemendur og aðra hagsmunaaðila í skólasamfélaginu um stefnumótun. Rýnihópi skólaráðs kom fram að ráðið fær kynningu á því sem gert er eða á að gera, en kemur ekki að eiginlegri stefnumörkun fyrir skólann.

¹ Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra og forsjáraðila.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur hafa metnað fyrir góðu skólastarfi og árangri nemenda og skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun innan og utan skóla. Einnig hafa þeir forystu um að starfsfólk kynni sér nýja þekkingu.

Starfsþróunaráætlun er birt á heimasíðu og byggir hún á sýn og stefnu skólans, þróunarverkefnum, óskum starfsmanna og óskum skólans til skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu um námskeið og fræðslufundi. Tilgreindir eru í áætluninni fastir liðir í starfsþróun skólans auk annarra starfsþróunarverkefna. Fram kemur hver ber ábyrgð og hverjir taka þátt ásamt því að markmið eru tilgreind með tímasetningu. Fundaskipulag er skilmerkilegt fyrir skólaárið, það birt og öllu starfsfólki ljóst. Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og niðurstöður ytra gæðamats varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra eru nýttar til að efla skólastarfið.

Starfsfólk og kennarar finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur og telja að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarfið í skólanum.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur leggja sig fram um að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Það er gert með fréttabréfi frá umsjónarkennurum á hverjum föstudegi, formlegum fundum að hausti og vori, skólaviðburðum og fleiru. Foreldrafélag er starfandi við skólann og var það stofnað kjölfar athugasemda í ytri úttekt árið 2011.

Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum. Samfélagið er lítið og aðgengi foreldra að stjórnendum og kennurum er gott að sögn foreldra í rýnihópi. Fram kemur í viðtölum við stjórnendur að foreldrar eru tryggir ákveðnum viðburðum í skólastarfinu en þeir vilja gjarnan að samstarf um ákvarðanir í skólastarfinu sé markvissara. Stjórnendur fá upplýsingar um sýn foreldra til að efla skólastarfið aðallega í gegnum skólaráð og foreldrakannanir Skólapúlssins² sem lagðar eru fyrir annað hvert ár.

Þann 9. mars 2021 var foreldrakönnun lögð fyrir í Skólapúlssinum, svarhlutfall foreldra í könnuninni var 97,1%. Þar kom meðal annars fram að 93,5% foreldra eru ánægðir með stjórnun skólans, sem er marktækt yfir meðaltali þeirra skóla sem taka þátt, ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er einnig yfir meðaltali. Þá má sjá að frumkvæði kennara að foreldrasamskiptum mælist marktækt hærra en hjá öðrum skólum sem taka þátt í könnun Skólapúlssins.

Að sögn skólastjóra kynnir hann foreldrum sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag meðal annars við skólasetningu og skólaslit. Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum af skólastarfinu á heimasíðum skólans og sveitarfélagsins, í vikubréfum til foreldra og af og til í staðarblöðum.

² Skólapúlssinn er vefkerfi sem leggur staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

Upplýsingar um stoðþjónustu skólans má finna í skólanámskrá Víkurskóla. Fram kom í rýnihópi foreldra að stoðþjónustan er ekki sérstaklega kynnt fyrir foreldrum, heldur einungis fyrir þeim sem á henni þurfa að halda.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess hvað varðar ákvarðanir er snúa að skólastarfinu í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um skólahald. Skólaráðið hefur ekki sett sér starfsáætlun, það fundar að öllu jöfnu tvisvar sinnum á ári og fundargerðir ráðsins eru skráðar og birtar á heimasíðu skólans. Venjan er sú að sögn skólastjóra, að fulltrúar nemenda í skólaráði komi úr stjórn nemendafélags en ekki er að finna skráðar reglur um val nemenda í skólaráð. Reglugerðin gerir ráð fyrir að nemendafulltrúar ásamt öðrum fulltrúum sitji hið minnsta í tvö ár og hafa nemendafulltrúar í skólaráði ásamt öðrum fulltrúum setið til tveggja ára. Skólaráðið hefur ekki haldið opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um.

Samskipti eru við leikskólastig, frístundastarf, stofnanir í sveitarfélaginu og grenndarsamfélag að sögn stjórnenda. Ekki er að finna skráðar upplýsingar um samskipti og samvinnu í starfsáætlun skólans í formi samstarfssamninga milli leik- og grunnskóla eða grunn-og framhaldsskóla.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi og er hluti af daglegu starfi stjórnenda. Niðurstöður kannana og skimana eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs að sögn skólastjóra. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólastarfsins og sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna niðurstöður til að efla árangur nemenda. Gerð var umbótaáætlun á starfsmannafundi út frá niðurstöðum í nýlegri nemendakönnun Skólapúlsins. Önnur skráning umbóta liggur ekki fyrir við matið.

Starfsþróun skólans er samstarfsverkefni stjórnenda og starfsmanna. Stjórnendur stýra innleiðingu á þróunar- og umbótaverkefnum og sjá til þess að starfsfólk fái stuðning og ráðgjöf við þróunarvinnu eftir þörfum. Framgangur þróunarvinnu er ræddur á fundum en hann er ekki skráður reglulega og uppfærður þannig að auðvelt sé að fylgjast með framgangi þeirra þróunarverkefna sem skólinn tekur þátt í.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru á heimasíðu, síðan er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar. Reglulegar kannanir sýna að almenn sátt er um skólastarfið.

Fram kom í rýnihópum starfsmanna og kennara að þeir eru sáttir við skipulag daglegs starfs, einnig kom fram að ágreiningur er leystur fljótt og vel komi hann upp. Ekki liggur fyrir skráð verklag um lausn ágreiningsmála.

Langt er síðan skólareglur Víkurskóla hafa verið endurskoðaðar og samkvæmt viðtali við skólastjóra er á döfinni endurskoðun á þeim með hagsmunaaðilum skólasamfélagsins. Fram kom í rýnihópi nemenda að þeir hafi ekki tekið þátt í að móta skólareglur en vilja vera þátttakendur í að móta þær fyrir skólann.

Víkurskóli vinnur eftir uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* og er hún höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum. Stefnan gengur út frá því að efla tilfinningaþroska, félagsfærni og siðvitund barna jafnt sem fullorðinna í skólanum og munu skólareglur verða endurskoðaðar með þá stefnu að leiðarljósi. Í rýnihópi kennara og í viðtali við stjórnendur kom fram að vel sé unnið samkvæmt *Uppeldi til ábyrgðar*,

starfsfólk og nemendur temja sér tungumál stefnunnar og merkja má betri hegðun og orðræðu innan skólans eftir að hún var tekin upp.

Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Öllum sem að skólastarfinu koma eru kynnt lög um persónuvernd og trúnað og allir undirrita þeir skjal um trúnað í starfi og þagnarskyldu. Gætt er að því að við ráðningu nýs starfsfólks sé farið eftir lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Eins og lög kveða á um er fylgst með því að aðbúnaður skólans sé öruggur.

Skólastjóri tryggir að sjónarmið nemenda nái fram að ganga og að á þá sé hlustað í nefndum og ráðum. Í starfsáætlun skólans má sjá að nemendur eiga aðkomu í nefndir og ráð, svo sem skólaráð og nemendaráð. Þar má einnig sjá hverjir eru fulltrúar skólans fyrir hvert skólaár. Nemendaráðið hefur kennara eða leiðbeinanda sem aðstoðar það við þau verkefni sem það tekur sér fyrir hendur en nemendur sem kosnir eru í nefndir og ráð fá ekki til þess sérstaka kennslu eða þjálfun af hendi skólans. Í starfsáætlun skólans má sjá markmið nemendafélagsins og skrá yfir viðburði skólaársins.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti í skólasamfélaginu. Í Skólapúlsi sem lagður var síðast fyrir starfsfólk skólaárið 2019-2020 kemur fram að starfsánægja og starfsandi innan skólans mælist marktækt meiri en gerist hjá öðrum skólum sem taka þátt. Fram kom í rýnihópum að stjórnendur hrósa starfsmönnum fyrir vel unnin störf og eru sýnilegir í skólastarfinu.

Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári og eru skráð. Ánægja er með starfsþróunarsamtöl og kom það skýrt fram í niðurstöðum síðustu starfsmannakönnunar Skólapúlsins, einnig kom það fram í rýnihópum starfsfólks og kennara. Stjórnendur líta af og til inn í kennslustundir, en fylgjast ekki með námi og kennslu með það að markmiði að veita kennurum endurgjöf fyrir kennsluhætti og framvindu kennslustunda.

Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli. Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta, það má merkja í öllum samskiptum í skólanum.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnanda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni stjórnanda og annarra í skólanum með því að hvetja þá til starfsþróunar og fela þeim ábyrgð og umboð til að leiða verkefni. Því til stuðnings er vert að benda á niðurstöður síðustu starfsmannkönnunar Skólapúlsins þar sem fram kemur að skólastjóri beiti valdeflandi forystu og mælist sú fullyrðing umtalsvert fyrir ofan meðaltal þeirra skóla sem þar taka þátt. Landsmeðaltal þess þáttar könnunarinnar er 5,1 en í Víkurskóla er niðurstaðan 6,3. Einnig kemur fram í könnuninni að faglegur stuðningur skólastjóra við starfsfólk mælist mun meiri en hjá öðrum þátttökuskólum. Landsmeðaltal þess þáttar er 5,0 en í Víkurskóla er niðurstaðan 7,3.

Fram kom í viðtali við skólastjóra að kennarar eiga kost á handleiðslu á vegum skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sem hefur gefist vel. Fyrir skólastjórnendur er handleiðsla ekki í boði. „Skólaþjónustan okkar mætti halda reglulega fundi fyrir okkur stjórnendur og gefa okkur þar með tækifæri á handleiðslu ef þurfa þykir“, segir skólastjóri í viðtali.

Stjórnendur hvetja starfsfólk til að huga að heilsu sinni og veita starfsmönnum svigrúm til þess. Stjórnendur hafa stuðning sveitarfélagsins hvað það varðar og veitir það afslátt fyrir starfsfólk skólans að íþróttaaðstöðu sveitarfélagsins í íþróttahúsi og sundlaug. Ekki liggur fyrir ákveðin heilsustefna fyrir starfsfólk að öðru leyti en því að skólinn er þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi grunnskóli*. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag.

Styrkleikar

- Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá og skólanámskrá Víkurskóla.
- Starfsáætlun ásamt skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans og uppfyllir hún þau viðmið sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla.
- Starfsmannahandbók er gefin út og birt.
- Í daglegu tali og fréttáflutningi frá skóla leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfinu.
- Starfsfólk og kennarar finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum.
- Skólastjóri kynnir foreldrum sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag.
- Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi og er hluti af daglegu starfi stjórnenda.
- Heimasíða skólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.
- Skólastjóri leggur áherslu á að sjónarmið nemenda nái fram að ganga.
- Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti í skólasamfélaginu.
- Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogaþæfni stjórnenda og annarra í skólanum með því að hvetja þá til starfsþróunar og fela þeim ábyrgð og umboð til að leiða verkefni.
- Stjórnendur hvetja starfsfólk til að huga að heilsu sinni og veita starfsmönnum svigrúm til þess.

Tækifæri til umbóta

- Stuðla að því að skólastefna Mýrdalshrepps sé tekin til endurskoðunar sem fyrst svo taka megji mið af henni við endurskoðun skólastefnu Víkurskóla.
- Taka upp markvissara samstarf við foreldra um samstarf um ákvarðanir í skólastarfinu.
- Kynna stoðþjónustu sem í boði er á vegum skólans fyrir öllum foreldrum.
- Skólaráð setji sér starfsáætlun
- Skólaráðið haldi árlega opinn fund fyrir skólasamfélagið.
- Skrá upplýsingar um samskipti við leik- og grunnskóla og grunn- og framhaldsskóla í starfsáætlun skólans.
- Skrá verklag um lausn ágreiningsmála.
- Sjá til þess að stjórnendur eigi kost á handleiðslu ef á þarf að halda.

Páttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Í skólanámskrá eru einkunnarorð Víkurskóla tilgreind: *Gæði, gleði, gróska og gagn*, þar segir að þetta séu kjörorð skólans og marki þá framtíðarsýn sem skólasamfélagið hefur. Skilgreint er hvað í einkunnarorðunum felst og einnig birt leiðarljósið: *Glöð börn á grænni grein*. Fjallað er um grunnþætti menntunar og lykilhæfni í skólanámskránni og í sumum bekkjarnámskrám er tilgreint hvernig unnið er með þessa þætti. Í öðrum námskrám er meiri áhersla á að birta yfirferð námsefnis eftir vikum. Einnig er misjafnt hvort hæfniviðmið og markmið eru birt í bekkjarnámskrám og kennsluáætlunum. Nemendur fá vikuáætlanir í flestum námsgreinum.

Nemendum er kennt í samkennslu í 1. og 2. bekk, 3. og 4. bekk, 5., 6. og 7. bekk, 8. og 9. bekk en 10. bekkur er eini árgangurinn sem ekki er í samkennslu. Mikil samvinna er meðal kennara sem koma að hverjum samkennsluhópi.

Foreldrar sem svara nýlegri könnun Skólapúlsins eru ánægðir með nám og kennslu í skólanum eða hlutfallslega jafnt og að landsmeðaltali, 97% svarenda eru því mjög eða frekar sammála að kennarar séu hæfir og metnaðarfullir og um 81% er ánægt með kennsluáferðirnar sem eru notaðar í skólanum. Svipað hlutfall foreldra og að landsmeðaltali segist hafa tekið þátt í að gera námsáætlun fyrir barn sitt en þegar skoðuð eru svör greind eftir árgöngum sker sig úr að hlutfallslega færri foreldrar á miðstigi svara þessari spurningu jákvætt.

Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda. Stuðningur við nemendur fer að mestu fram í námsaðstæðum nemenda en einnig er unnið einstaklingslega þegar við á. Þroskaþjálfari starfar við skólann og kemur að stuðningi við nemendur og náms- og starfsráðgjafi á vegum skólaþjónustunnar kemur í skólann reglulega og sinnir ráðgjöf við nemendur.

Skipulögð námsaðlögun er ekki skráð í bekkjarnámskrám en kennarar í rýnihópi segja mikla námsaðlögun og í raun einstaklingsmiðun í samkennslunni. Skólinn hefur sett sér sérkennslustefnu þar sem meðal annars kemur fram að unnið er í anda stefnu um skóla án aðgreiningar. Rökstudd einstaklingsnámskrá er unnin fyrir nemendur sem þess þurfa þar sem fram koma markmið til skemmri og lengri tíma í hverri námsgrein og í félagsfærni. Námskráin er endurskoðuð reglulega og skráð er þegar markmiðum er náð.

2.2 Árangur náms

Reglulega er fylgst með árangri og framförum nemenda og árangurinn skráður. Niðurstöður kannana, samræmdra könnunarprófa og annars námsmats eru nýttar til auka árangur og framfarir einstaklinga.


Námsmati skólans er lýst í skólanámskrá auk þess sem vitnað er í aðalnámskrá en ekki koma fram viðmið um árangur sem tengist námsgreinum eða lykilhæfni. Í símenntunaráætlun og þróunaráætlun kemur fram að námsmat er meðal áhersluþátta sem vinna skal að á skólaárinu. Í rýnihópi kennara segir: „Námsmat er veikleiki í skólanum, erum hver með sitt, allir með símat, sumir með leiðsagnarmat aðrir próf og kannanir“. Kennararnir staðfesta að ákveðið hafi verið að taka námsmatið fyrir í vetur.

Meirihluti foreldra (91%) sem svöruðu nýlegri foreldrakönnun Skólapúlsins er því mjög eða frekar sammála að skólinn veiti reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda og 81% er því mjög eða frekar sammála að námslegum þörfum nemenda sé mætt.

Samræmd könnunarpróf


Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0-60, meðaltalið er 30. Niðurstöður eru birtar sem uppsafnað meðaltal þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár. Uppsafnaður árangur er sú niðurstaða sem fæst þegar fjöldi nemenda á bak við árangur er undir 10, það er viðmið um birtingu.

Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku hefur verið að aukast og mældist við landsmeðaltal 2018-2020. Árangur í stærðfræði hefur dalað og mældist nokkuð undir landsmeðaltali 2018-2020.




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum. Uppsafnað meðaltal.

Uppsafnað meðaltal árangurs 7. bekkjar á samræmdum könnunarprófum hefur verið að aukast og mældist yfir landsmeðaltali 2018-2020. Árangur í stærðfræði hefur dalað og mældist nokkuð undir landsmeðaltali 2018-2020.



Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum. Uppsafnað meðaltal.

Uppsafnað meðaltal árangurs nemenda í 9. bekk sýnir árangur í íslensku jafnt og landsmeðaltal en nokkuð undir í bæði ensku og stærðfræði.



Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum. Uppsafnað meðaltal.

Lesferill

Skólinn nýtir matstækið *Lesferil* við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Myndir af *Lesferli* eru ekki birtar þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu. Á lesfimiþrófi í janúar 2021 er árangur nemenda í flestum árgöngum svipaður og að landsmeðaltali, í 2. bekk aðeins yfir og töluvert undir í 10. bekk.

Skólapúlsinn

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Tuttugu matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Svör nemenda skólans eru sambærileg (ekki marktækur munur) og svör annarra nemenda sem taka þátt í 16 af þessum 20 þáttum í könnun Skólapúlsins frá síðasta ári. Þar kemur fram að nemendur skólans hafa marktækt minni trú á eigin námsgetu og minna sjálfsálit en aðrir nemendur sem taka Skólapúlsinn og er munurinn mestur hjá 8. og 9. bekk. Sömuleiðis mælist líðan nemenda og stjórn á eigin lífi marktækt lægri en að landsmeðaltali og á það við um nemendur í unglingadeild meðan nemendur á miðstigi eru nálægt landsmeðaltali jafnaldra sinna. Einelti mælist einnig meira en hjá sambærilegum skólum og hefur aukist lítillega frá síðasta ári.

Enn fremur kemur fram að áhugi á og ánægja af þeim námsgreinum sem þar er spurt um er svipuð og á landsvísu, undantekning frá því er að áhugi á náttúrufræði skorar hærra en að landsmeðaltali.

2.3 Gæði kennslu


Matsaðilar sátu í 22 kennslustundum, hjá alls átta kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundirnar voru metnar góðar, fjórar frábærar en í örfáum kennslustundum töldu matsaðilar að umbóta væri þörf. Helstu atriði sem fram komu að þyrfti að bæta snúa að tengslum við markmið og virkni nemenda.

Í skólanámskrá segir að í Víkurskóla sé leitast við í kennslunni að mæta hverjum nemanda á hans forsendum og reynt eins og kostur er að tengja nærumhverfi skólans inn í kennsluna. Skólinn hefur

útikennslustofu og er einn af jarðvangsskólum Kötlu jarðvangs (Katla Geopark). Í því felst að skólinn leitast við að vekja og viðhalda áhuga nemenda sinna á jarðfræði, náttúru og menningu svæðisins.

Kennslustundir eru í ytra mati skráðar út frá kennsluáherslum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluáherslur kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Matsaðilar sáu blöndu af fræðandi og leiðbeinandi kennsluáherslum í 41% kennslustundanna og leiðbeinandi í 36% en fræðandi kennsluhætti í minnihluta stundanna eins og fram kemur á mynd 7. Þetta er mun meiri áhersla á leiðbeinandi kennsluáherslur en almennt í þeim skólum sem metnir hafa verið.



Mynd 4. Kennsluathafnir.

Matsaðilar fengu áætlanir frá sumum kennurum um það sem nemendur voru að vinna með í náminu en aðrir vísuðu í bekkjarnámskrár auk þess sem nemendur fá vikuáætlanir um það sem þeir eiga að standa skil á í vikunni. Framsetning áætlana um kennslu er mismunandi eftir kennurum og kennslugreinum. Í vettvangsathugunum sást sjaldan að kennarar færu markvisst yfir þessi viðmið eða ræddu við nemendur um að hvaða hæfni væri verið að stefna með náminu. Í einstaka skólastofum voru hæfniviðmið sýnileg.

Hugað er að námsþörfum bráðgerra nemenda með því að leyfa þeim að fara á eigin hraða í námsefni eða fást við námsefni eldri árgangs og í einstaka tilvikum taka nemendur áfanga í framhaldsskóla.

2.4 Skipulag náms

Skólinn er samkennsluskóli og er tveimur til þremur árgöngum kennt saman nema í 10. bekk. Gerð er bekkjarnámskrá fyrir hvern árgang og nemendur fá áætlun í samræmi við hana en í samfélags- og náttúrufræði er nám skipulagt í svokölluðum fléttum, þ.e. hver námsþáttur er kenndur á tveggja eða þriggja ára fresti og þannig tryggt að nemendur fái kennslu í öllum námsþáttum þeirra greina á grunnskólagöngunni.


Á skóladagatali Víkurskóla eru 175 skóladagar nemenda, þar af tveir tvöfaldir. Námsstími nemenda er einni vikustund yfir viðmiðum aðalnámskrár á hverju námsári, þannig telst skólinn ná heildartímafjölda nemenda á 10 ára skólagöngu sem bætir upp þá vikudaga sem vantar upp á 180 árlega skóladaga. Að sögn skólastjóra er þessi framkvæmd án athugasemda frá sveitarfélagi og menntamálaráðuneyti.

Val er á stundaskrá allra nemenda, tvær stundir á yngsta og miðstigi en sex til sjö stundir í 7.-10. bekk. Nemendur í 7. bekk fá fjórar stundir í vali með unglíngastigi sem hefur sex stundir í vali. Valgreinar sem nemendur í 7.-10. bekk geta valið um eru níu og þrjár þeirra tengjast list- og verkgreinum.

Nemendur í 1.–7. bekk fá þrjá til fjóra tíma á viku í list- og verkgreinum (myndmennt, textíl, heimilisfræði, tónmennt). Að auki eru á stundaskrá nemenda þrjú tímar á viku merktir Val/Art og tengjast kennslu í listum. Aðrar list- og verkgreinar eru ekki á stundaskrá nemenda og hafa ekki verið undanfarin ár. List- og verkgreinar eru ekki á stundaskrá nemenda í 8.–10. bekk en hluti valgreina er í list- og verkgreinum. Skólinn uppfyllir þannig ekki ákvæði aðalnámskrár um vægi list- og verkgreina í námi nemenda. Í ytri úttekt skólans árið 2011 er einnig bent á þetta en ekki hefur verið bætt úr að fullu þar sem enn er ekki kennsla í smíði samkvæmt aðalnámskrá. Þegar nemendur í rýnihópi voru spurðir hvað væri skemmtilegast í náminu nefndu þeir meðal annars textíl og smíði og sögðust sakna þessara greina.

Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum sem kom meðal annars fram ýmsum þemaverkefnum sem matsaðilar sáu merki um í verkum nemenda á veggjum skólans. Nýleg útikennslustofa nýtist vel meðal annars í jarðvangsskólanum segir í skólanámskrá og leitast er við að tengja nærumhverfi inn í nám nemenda. Umræður og skoðanaskipti voru ekki stór þáttur í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru.

Kennslustundir í ytra mati eru skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Nemendur unnu einir að námi sínu í 41% af metnum kennslustundum og skipulögð samvinna var einnig í 41% stundanna en blanda af hvorutveggja var í 18% stundanna. Þetta er mun meiri áhersla á samvinnu en almennt í þeim skólum sem metnir hafa verið.



Mynd 5. Námsathafnir.

Nemendur nýttu upplýsingatækni í 18% kennslustundanna sem er heldur minna en að meðaltali í skólum sem metnir hafa verið og kennarar í 23% sem er svipað og að meðaltali. Í vettvangsathugunum

reiknast það sem UT-notkun ef einn eða fleiri nemendur nýta snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari nýtir UT, svo sem varpar upp mynd/glærum.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt virkir í kennslustundum sem heimsóttar voru og sýndu námi sínu áhuga. Fram kom í rýnihópi nemenda að þeir eldri þekkja hæfniviðmið og markmið í námskrám: „Í byrjun annar eru þau útskýrð fyrir okkur.“ Nemendur á unglingastigi kannast við sjálfsmat en ekki jafningjamat en í rýnihópi kennara kom fram að nemendur fái tækifæri til sjálfsmats og jafningjamats. „Kennarinn metur og segir okkur hvernig við stöndum okkur,“ sögðu yngri nemendur í rýnihópi.

„Við fáum einstaka sinnum að velja hvernig við lærum,“ segir í rýnihópi nemenda, „og í fyrra var val þar sem við gátum unnið á okkar áhugasviði en ekki núna“. „Skemmtilegast er þegar verkefni tengjast listum,“ segir einn nemandi. Matsaðilar sáu að kennarar gefa nemendum oft valmöguleika innan ramma þess sem verið er að vinna og í rýnihópi kennara kom fram að nemendur hafa oftast val um hvernig þeir skila af sér verkefnum. Að sögn skólastjóra er valtími á miðstigi tengdur áhugasviðsvali nemenda.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Á vettvangi sáu matsaðilar að samskipti í skólanum eru mjög jákvæð, skólabragurinn er góður og samskipti milli nemenda og milli nemenda og kennara eru góð. Innan nemendahópsins ríkir samvinna og stuðningur. Nemendur hafa tækifæri til tjá sig um námsumhverfi og skipulag skólastarfsins meðal annars með bekkjarfundum og skólaþingi nemenda sem haldið er árlega. Markmið þingsins er „að þjálfar nemendur í samræðum og virkri hlustun“. Niðurstöður eru skráðar og flokkaðar og leitast við að koma til móts við það sem þar kemur fram í skólastarfinu.

Í nemendaráði situr einn nemandi úr hverjum árgangi skólans. Í starfsáætlun eru birt markmið og helstu verkefni nemendaráðsins. Nemendur í ráðum og nefndum fá ekki til þess sérstaka þjálfun og öðrum nemendum er ekki markvisst kynnt hvað fram fer í skólaráði eða nemendaráði.

Styrkleikar

- Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í skólanámskrá þar sem fjallað er um lykilhæfni og grunnþætti menntunar.
- Foreldrar sem svara nýlegri könnun Skólapúlsins eru ánægðir með nám og kennslu og telja kennara skólans hæfa og metnaðarfulla.
- Í sérkennslustefnu skólans kemur fram að unnið er í anda stefnu um skóla án aðgreiningar.
- Flestar stundir sem matsaðilar heimsóttu voru metnar góðar og fjórar frábærar.
- Skólinn er einn af jarðvangsskólum Kötlu jarðvangs og leitast er við að tengja nærumhverfi inn í nám nemenda.
- Leiðbeinandi kennsluhættir voru viðhafðir í hlutfallslega fleiri kennslustundum sem heimsóttar voru en að meðaltali.
- Nemendur vinna að samþættum og heildstæðum verkefnum og áhersla er á markvissa samvinnu nemenda.
- Samskipti í skólanum eru jákvæð og skólabragur góður.
- Árlega er haldið skólaþingi nemenda þar sem þeir hafa tækifæri til að tjá sig um skipulag skólastarfs.

Tækifæri til umbóta.

- Samræma þarf inntak og framsetningu á bekkjarnámskrám og námsáætlunum.
- Námsaðlögun nemenda þarf að koma skýrt fram í bekkjarnámskrám.
- Halda áfram vinnu við að þróa og samræma námsmat í skólanum.
- Birta viðmið um árangur í skólanámskrá.
- Leita leiða til að efla árangur nemenda í stærðfræði.
- Auka nýtingu upplýsingatækni í námi.
- Leita leiða til að styrkja trú nemenda á eigin námsgetu.
- Nýta umræður og skoðanaskipti markvisst í námi nemenda.
- Vinna markvisst gegn einelti.
- Kynna nemendum hæfniviðmið og markmið sem unnið er að hverju sinni.
- Gera grein fyrir „fléttum“ í náttúrufræði og samfélagsfræði í skólanámskrá.
- Tryggja að nemendur fái heildarnámstíma samkvæmt viðmiðunarstundaskrá á 10 ára skólagöngu þrátt fyrir færri skóladaga.
- Brýnt er að koma á kennslu í verkgreinum (svo sem smíði) og auka kennslu í öðrum list- og verkgreinum hið bráðasta.
- Stuðla að aukinni námsvitund nemenda og þjálfu þá í markmiðssetningu og mati á eigin námi og árangri.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan þátt í skólastarfinu. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Sett hefur verið fram langtímaáætlun um innra mat fyrir árin 2020–2024 og hún birt. Fyrir árið 2020–2021 má sjá tímasetta áætlun um þau verkefni sem meta á ásamt ábyrgðaraðilum. Formlegt mat á kennslu, fagmennsku kennara og nýjungum í kennsluháttum fer ekki fram í skólanum af hendi stjórnenda eða í formi jafningjamats.

Markmið í stefnu skólans eru ekki sjáanlega metin með reglubundnum hætti, en fram kemur í áætlun um innra mat að skólinn muni leggja áherslu á að meta þróunarverkefni skólans, svo sem: Art, Erasmus+, Jarðvangsskólann og Heilsueflandi skóla.

Ekki eru til staðar skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að í námi nemenda, hvernig unnið er úr mati á árangri nemenda eða hvernig umbótum er háttað.

Skýrsla um innra mat skólans hefur ekki hefur verið birt opinberlega, þar sem birta skal niðurstöður matsins og umbótaáætlun í framhaldi af því og hvort skólinn hefur náð þeim markmiðum sem sett hafa verið fram.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð skólastjóra. Í skólanum starfar nefnd um innramat þar sem sitja stjórnendur, einn fulltrúi kennara og einn fulltrúi almennra starfsmanna. Fulltrúar nemenda og foreldra hafa ekki komið að innra mati en að sögn skólastjóra stendur til að svo verði frá hausti 2021.

Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu, hópum sem leitað er upplýsinga hjá og þeim spurningum sem lagt er upp með. Byggðar hafa verið upp gagnaöflunarleiðir sem hæfa þörfum skólans, en endurskoða þarf reglulega aðferðir og reynslu af innra matinu.

Mat á námi nemenda og framförum fer fram reglulega og nýtir skólinn niðurstöður samræmdra könnunarprófa ásamt viðmiðum Menntamálastofnunar um lestur. Nýlegar niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins voru ræddar á starfsmannafundi og verða nýttar með markvissum hætti til umbóta.

Skólinn hefur verið þátttakandi í Skólapúlsinum sem leggur reglulega fyrir nemenda-, starfsmanna- og foreldrakannanir annað hvert ár og þannig er hægt að fylgjast með hvar skólinn stendur í samanburði við þá skóla sem eru þátttakendur í Skólapúlsi á landsvísi. Niðurstöður þessara kannana eru birtar á heimasíðu skólans.

Fram kom í rýnihópi skólaráðs að það fær kynningu á niðurstöðum mats en ráðið kemur að öðru leyti ekki að innra mati. Fulltrúar telja að matið hafi áhrif á skólastarfið því allir vilja að vel gangi. Fulltrúar treysta því að stjórnendur séu að leita eftir upplýsingum sem skipta máli til framfara og telja þá best til þess fallna.

3.3 Umbætur

Greinargerð um innra mat er ekki til staðar. Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru þær kynntar í skólaráði, á starfsmannafundi og upplýsingar sendar foreldrum. Niðurstöður eru ekki formlega kynntar nemendum að öðru leyti en að þær má sjá á heimasíðu skólans.

Gerð var umbótaáætlun á starfsmannafundi út frá helstu niðurstöðum í nýlegri nemendakönnun Skólapúlsins. Þar koma fram leiðir til úrbóta, ábyrgðaraðilar og tímasetning úrbótavinnunnar. Heildstæð, tímasett áætlun um umbætur í samræmi við niðurstöður innra mats og greiningu á styrkleikum og tækifærum liggur ekki fyrir. Fram kom í viðtölum að brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim hlutum sem metnir voru. Skólinn getur þannig sýnt fram á umbætur sem raktar eru til innra mats og í rýnihópum gátu flestir bent á umbætur í kjölfar þess.

Styrkleikar

- Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan þátt í skólastarfinu.
- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Sett hefur verið fram langtímaáætlun um innra mat fyrir árin 2020-2024 og hún birt á heimasíðu.
- Áætlun um innra mat á yfirstandandi skólaári liggur fyrir.
- Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun.
- Mat á námi nemenda og framförum fer fram reglulega.
- Umbætur í kjölfar nemendakönnunar Skólapúlsins hafa verið ákveðnar.

Tækifæri til umbóta

- Skipa matsteymi með þátttöku fulltrúa foreldra og nemenda.
- Koma á reglulegu mati á kennslu og fagmennsku kennara.
- Meta skipulega markmið sem birt eru í stefnu skólans.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.
- Fylgja umbótum kerfisbundið eftir.
- Setja viðmið um árangur til að unnt sé að meta hvort markmiðum hefur verið náð..
- Kynna niðurstöður Skólapúlsins fyrir nemendum.
- Endurskoða reglulega gagnaöflunarleiðir, aðferðir og reynslu af innra mati.